

Norðurhjari – ferðaþjónustusamtök

Ársskýrsla 2025

(1. janúar – 31. desember 2025)

Tilgangur félagsins er að:

- efla ferðaþjónustu á svæðinu frá Kelduhverfi að Bakkafirði.
- leggja sitt af mörkum til að skapa og byggja upp ímynd svæðisins, m.t.t. sérstæðrar náttúru og sveita- og strandmenningar.
- auka búsetugæði á svæðinu.

Aðalfundur var haldinn í lok febrúar á veitingastaðnum Holtinu á Þórshöfn og var hann vel sóttur.

Þar voru kosin í stjórn:

Jóhanna Magnúsdóttir, Björn Víkingur Björnsson, Egill Bjarnason, Þórir Örn Jónsson, Sunna Guðrún Pétursdóttir og Reimar Sigurjónsson.

Stjórnin hélt 6 fundi á árinu, allt fjarfundir.

Norðurhjari tók þátt **Mannamóti** sem var haldið um miðjan janúar 2025 í Kórnum í Kópavogi. Þórir Örn Jónsson stjórnarmaður vann á básnum með verkefnasjóra. Mannamótið er ódýr og einfaldur vettvangur til kynningar, en það er á vegum markaðsstofa landshlutanna þar sem ferðaþjónustuaðilar á landsbyggðinni kynna þjónustu sína fyrir ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum á höfuðborgarsvæðinu. Mótið hefur verið haldið í rúman áratug og greinilega aukinn fjöldi erlendra ferðaskrifstofa sem mætir. Eftirvinna hefur aukist, þ.e.fleiri og fleiri vilja fá sendar upplýsingar um svæðið og einstaka þætti.

Auk þess að Norðurhjari hefur verið þar frá upphafi, höfum við hvatt og stutt einstök fyrirtæki af svæðinu til að vera með sín eigin kynningarborð á Mannamótinu.

Ætlunin var að fara í **kynnisferð um Þistilfjörð og Langanes** í vor, en annríki, árshátíðir og yfirvofandi sauðburður kom í veg fyrir það. Sennilega var dagsetningin of seint, en þetta þarf að skoða betur. Þessar ferðir eru í senn fróðlegar og skemmtilegar, þær auka kynni fólks innan svæðis og miðla upplýsingum um þjónustu, ýmis verkefni og jafnvel það sem er í bígerð.

Á síðasta ári var í gangi verkefni um **skráningu gönguleiða** á Norðurlandi eystra, sem unnið var af Markaðsstofu Norðurlands. Markmið verkefnisins var að koma á miðlægu og samræmdu skráningarkerfi fyrir gönguleiðir á svæðinu og tryggja ferðafólki áreiðanlegar upplýsingar. Niðurstöðurnar eru nú aðgengilegar á vefnum Upplifðu Norðurland, þar sem eru fjórar gönguleiðir á okkar svæði. Verkefnastjóri veitti aðstoð og upplýsingar varðandi leiðirnar.

Í byrjun sumars var **þjónustubók** Norðurhjara uppfærð en þar eru upplýsingar um alla þjónustu fyrir ferðamenn á svæði Norðurhjara. Eins og áður var hún nær eingöng send rafræn, þar sem fólk hefur hana í sínum og á skjám. Hún hjálpar okkur að benda hvert á annað og upplýsa ferðamanninn um hvað er í boði á svæðinu. Hver gerir það ef við gerum það ekki sjálf?

Áfram var unnið að undirbúningi og vöruþróun fyrir **komu skemmtiferðaskipsins** í Þistilfjörð og á Raufarhöfn, sem síðan kom í fimm skipti í sumar. Stofnað var sérstakt fyrirtæki utan um móttökuna á Raufarhöfn. Er skemmst frá því að segja að móttökurnar tókust afar vel og

verkefnið skildi eftir umtalsverða fjármuni á svæðinu. Við erum reynslunni ríkari og mikil ánægja ríkir með verkefnið hjá íbúum og þátttakendum. Nú vitum við betur hvað innviðirnir þola mikinn fjölda og svo framvegis. (Mest 262 farþegar.)

Íbúar á svæðinu mátuðu sig í leiðsöguhlutverkinu og aldrei að vita hvað af því leiðir. Vörur og vöruhugmyndir urðu til á Þórshöfn, í Þistilfirði og á Raufarhöfn. Þær vörur munu nýtast við ýmis önnur tækifæri líka og eru þegar farnar að gera það.

Og gaman er að segja frá því að Gistihúsið Grásteinn og móttakan þeirra Hildar og Sigurðar í Tumavíkinni fékk **hvatningarverðalaun Markaðsstofu Norðurlands** á uppseruhátíð Markaðsstofunnar í haust.

„Tilvitnun hefst: Þessar ferðir gengu frábærlega og sýnir fram á að nýsköpun þarf ekki að vera svo flókin. Þegar trú heimamanna og fagleg nálgun helst í hendur, gerast góðir hlutir.“

Norðurhjari tók þátt í **Vestnorden** ferðakaupstefnunni sem haldin var á Akureyri um mánaðamótin september / október 2025. Við vorum þar með tvöfaldan bás og tvöfaldar fundabókanir og unnu þar saman verkefnastjóri og Egill Bjarnason stjórnarmaður Norðurhjara.

Vel gekk að bóka fundi, áhugi var mikill og greinilegt að ferðaskrifstofur eru fúsar að horfa til svæðisins okkar og fræðast um það. Samtals voru haldnir rúmlega 50 fundir með ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum. Reynt var að velja viðmælendur sem henta okkar svæði og einnig var reynt að ná tali af ferðaskrifstofum á áfangastöðum í Evrópu þaðan sem flogið er beint til Akureyrar. Einnig hittum við nokkur skipafélög skemmtiferðaskipa.

Daginn áður skipulagði Markaðsstofa Norðurlands ferð um svæðið okkar með fulltrúa ferðaskrifstofa. Þau sömdu við Austurbrú / Austurland um að lána sér einn dag, hópurinn var fyrri daginn á Austurlandi og kom svo í hraðferð um svæðið okkar. Þessi ferð seldist upp og þátttakendur komu frá stórum og þekktum ferðaskrifstofum. Verkefnastjóri var með í rútunni þennan dag og kom á framfæri upplýsingum um svæðið. Markaðsstofan bar allan kostað af ferðinni og skipulagði út frá því hverjir eru með samning við stofuna og hvað tíminn leyfði. Þátttakendur voru mjög ánægðir með ferðina, komu og hittu okkur á Vestnorden til að þakka fyrir sig og sumir áttu bókaða fundi til að fræðast meira. Þau nefndu sérstaklega hvað þau höfðu náð góðum myndum af víðerninu og birtunni, voru mjög hrifin og lofuðu þetta hástöfum, ásamt góðum móttökum. Bestu þakkir til allra sem tóku á móti þeim í hraðferðinni.

Eftir að heim var komið voru öllum viðmælendum sendar upplýsingar um svæðið, um þjónustu, samgöngur, helstu segla og náttúruperlur, og margir fengu sérsniðna pósta eftir óskum og áhuga. Einnig var reynt að koma á beinni tengingu milli aðila innan Norðurhjara og ferðaskrifstofa með sérstakar óskir, sem aðilar hafa vonandi nýtt sér. Viðbrögð við þessum póstum hafa verið góð. Vestnorden ferðakaupstefnan er hluti af norrænu samstarfi og gengur út á að kynna Grænland, Ísland og Færeyjar.

Næsta haust verður hún haldin á **Grænlandi, nánar tiltekið í Nuuk** seinni partinn í september.

Verkefnastjóri sótti á árinu fundi hjá Markaðsstofu Norðurlands til að tengjast Markaðsstofunni og miðla upplýsingum í báðar áttir, hjá Minjaráði Norðurlands þar sem

haldið er uppi sjónarmiðum ferðaþjónustunnar og svæðisins. Sömuleiðis með starsfólki Norðurþings á Kópaskeri og Raufarhöfn og á Húsavíkurstofu.

Allt árið svaraði verkefnastjóri ýmsum fyrirspurnum, veitti staðbundnar upplýsingar um svæðið til einstaklinga, stofnana og fyrirtækja og sinnti margháttuðu samstarfi eins og áður hefur komið fram.

Norðurhjari naut á árinu framlaga frá sveitarfélögunum á félagssvæðinu og þakkar stuðninginn. Með síðasta ári, 2025 rann út þriggja ára samningur við Langanesbyggð sem var endurnýjaður til eins árs, en við Norðurþing er samið árlega.

Einn nýr félagi gekk til liðs við okkur á árinu 2025, það er Gistihúsið Hreiðrið á Raufarhöfn, þau Angela og Gísli, en þau eru líka með kayakleigu og kayakferðir, sannarlega skemmtileg nýbreytni í afþreyingu á svæðinu.

Þrír aðilar sögðu sig úr samtökunum á árinu. Það voru Mórúnir í Lóni í Kelduhverfi, Gistihúsið Garður í Kelduhverfi og svo North East hans Þóris sem fór frá Bakkafirði. Félagar eru 23.